


Svalbarðsstrandarhreppur
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi
601 Akureyri



Reykjavík 28. desember 2017
UST201711-101/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag - Svalbarðsstrandarhreppur 2008 - 2020 - breyting

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar er barst 14. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020. Ofangreind tillaga felur í sér að 4,1 ha svæði sem áður var skilgreint sem landbúnaðarland, verður skilgreint sem íbúðarbyggð.

Skipulagssvæðið

Ofangreint skipulagssvæði er í landi Heiðarholts, neðan Þjóðveggar 1. Áætlað er að eftir breytingu verði reitur fyrir íbúðarbyggð með heimild fyrir 5 íbúðarhús. Í lýsingu kemur fram að ný byggð verði reist á túni.


Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Áætlaðar framkvæmdir munu ekki raska svæði á náttúruminjaskrá eða svæði er fellur undir gr. 61 í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Rakel S Kristjánsdóttir
Sérfræðingur